

# Skógar á Íslandi

## Stefna á 21. öld



### Skýrsluhöfundar:

**Jón Loftsson, formaður nefndar**  
**Aðalsteinn Sigurgeirsson**  
**Brynjólfur Jónsson**  
**K. Hulda Guðmundsdóttir**  
**Valgerður Jónsdóttir**  
**Þróstur Eysteinnsson**

Álfhildur Ólafsdóttir og Jón Geir Pétursson komu að störfum nefndarinnar á fyrri stigum  
Myndir: Þróstur Eysteinnsson, Þór Þorfinnsson og Björn Traustason



Janúar 2013

# I. Um tildrög skógstefnunnar

Opinbera stefnu um skóga og skógrækt á Íslandi er að finna í bótum á ýmsum stöðum; í lögum og reglugerðum, áætlunum og alþjóðasamningum, en hvergi í heild sinni og á aðgengilegu formi. Hér er reynt að bæta úr því ástandi og lögð fram heildarstefna í skógræktarmálum fyrir Ísland.

Stefnan var unnin samkvæmt beiðni frá landbúnaðarráðherra í október 2006, sem síðan var endurnýjuð af umhverfisráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eftir stjórnarráðsbreytingar 2008. Skógræktarstjóra var falið að móta stefnuna og fékk hann til liðs við sig hóp fólks úr hinum ýmsu örmum skógræktargeirans. Samdi hópurinn drög að stefnu með hliðsjón að stefnumótun annarra landa og íslenskum veruleika. Að öðrum ólöstuðum voru stefnumarkandi ákvæði frá ráðherrafundum um vernd skóga í Evrópu (Forest Europe), sem Ísland er aðili að, og nýleg stefna Skota í skógarmálum helstu fyrirmyndir og uppsprettur hugmynda.

Drög að stefnunni voru send út til umsagnar haustið 2010 bæði innan og utan skógræktargeirans og auglýst var eftir umsögnum frá almenningi. Umsagnir bárust frá 41 aðila. Nokkuð var um það að umsagnaraðilar gagnrýndu samsetningu vinnuhópsins, annars vegar af því að meðlimir hópsins voru valdir án tilnefninga hagsmunaaðila eða stofnana og hins vegar af því að allir meðlimir hópsins tengdust skógrækt á einn eða annan hátt. Það má hvort tveggja til sanns vegar færa, en þessi skipan mála hafði þó þá ótvíræðu kosti að vinna hópsins varð einbeitt og þekking var mikil á öllum hliðum skógræktar. Umsagnarferlið sjálft var aðkoma stofnana, samtaka og einstakleinga, bæði innan og utan skógræktargeirans, að stefnumótuninni og þar sem drög lágu fyrir til að gera athugasemdir við reyndist sú leið mjög skilvirk. Sú útgáfa sem hér lítur dagsins ljós er því verulega breytt frá fyrri drögum og tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem bárust eftir því sem hægt var.

Hér er lögð fram *stefna*, en ekki áætlun um hvernig skuli framkvæma hana eða hvað það kunnir að kosta. Næsta skref er að gera landsáætlun í skógrækt á grundvelli skógstefnunnar þar sem lögð eru fram tímasett markmið og áætlanir um framkvæmdir til að ná þeim.



## II. Inngangur

Skógar veita okkur margt sem er svo sjálfsagt í okkar daglega lífi að við tökum varla eftir því. Skógar skópu og viðhalda súrefnisforða andrúmsloftsins. Með vatnsmiðlun, jarðvegsvernd, skjólmyndun og annarri temprun náttúruferla viðhalda þeir lífvænlegu umhverfi á jörðinni. Með ljóstillífun beisla skógar sólarorku og breyta henni í fjölda afurða sem eru undirstöður hagsældar um heim allan. Sama ferli bindur koltvísýring úr andrúmsloftinu og kemur þannig í veg fyrir að yfirborð jarðar ofhitni. Í skógum heims býr stór hluti allra lífverutegunda. Skógar eru mikilvægir í menningu okkar, sögu og samfélagi. Án þeirra getum við ekki verið.

Á Íslandi voru áður víðáttumiklir skógar, en ósjálfbær nýting allt fram yfir miðja 20. öld eyddi þeim því sem næst gjörsamlega. Því erum við nú háð innflutningi á nær öllum skógarafurðum. Unnið er að endurreisn skóga á Íslandi og hefur þar náðst umtalsverður árangur í þekkingaröflun og viðhorfsbeytingu almennings, þótt ekki séu skógarnir sjálfir víðáttumiklir enn sem komið er. En þeir stækka og trén vaxa betur en flestir þorðu að vona fyrir aðeins 20 árum síðan.

Hér er mörkuð skógarstefna Íslendinga á 21. öld. Megináherslur eru lagðar út öldina en nánari markmið sett fram til skemmri tíma í nokkrum tilvikum.

Stefnan hefur sjálfbæra þróun að leiðarljósi, sem felst í því að Íslendingar ætli að byggja upp og varðveita skógarauðlind sem þjóni fjölbættum hagrænum, félagslegum og umhverfistengdum markmiðum í þágu aukinna lífsgæða og almennrar velferðar. Þótt horft sé fram eftir öldinni, er áherslan lögð á að hefjast handa strax, enda eru framkvæmdir á okkar tímum forsendur þess að skógar framtíðarinnar vaxi og dafni.



### III. Sýn

Skógrækt er í þágu lands og þjóðar. Hinn margvíslegi ávinningur sem fólk hefur af skógum Íslands og öðrum trjágróðri eykst eftir því sem trén vaxa og skógarnir breiðast út. Með virkum hætti verður annast um skóglendin svo óbornar kynslóðir megi njóta þeirra og nýta. Skógar verða hluti sjálfbærs atvinnulífs, menningar og umhverfis.



## IV. Áherslur (sjá nánar í 1. viðauka)

### 1. Uppbygging skógarauðlindar

Hraða endurreisn skógarauðlindar á Íslandi í þágu lands og þjóðar. Þetta er í raun forsenda áherslnanna sem á eftir koma. Markmiðið er að tífalda þekju skóga fyrir aldamótin 2100, að sjá skóga Íslands vaxa úr núverandi 1,2% í a.m.k. 12% af flatarmáli Íslands.

#### Helstu rök

- Umtalsverða skógarauðlind þarf til að standa undir atvinnusköpun og sjálfbærri byggðaðþróun.
- Mjög víða er skógur eina varanlega jarðvegsverndin.
- Rannsóknir benda til þess að skógur eða kjarr geti vaxið á 30-40% af flatarmáli Íslands.
- Með vilja og góðu skipulagi er gerlegt að tífalda flatarmál skóglendis á tæpri öld og um leið að forðast árekstra við aðra landnýtingu.

#### Helstu leiðir

- Vinna að breyttu skipulagi beitarmála og afnámi lausagöngu, fyrst á svæðum sem eru gróðurfarslega verst farin.
- Efla Landshlutaverkefnið í skógrækt svo þau nái sínu lögbundna markmiði að gróðursetja í 5% láglendis (rúmlega 2% landsins) fyrir árið 2030.
- Rækta skóg á þeirra vegum eða með svipuðum hætti á öðrum 5% láglendis á árunum 2030-2070.
- Hvetja aðra aðila (t.d. skógræktarfélag, opinberar stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki) til aukinnar nýræktunar skóga.
- Stuðla að sjálfgæðslu til skógar, ekki síst með birki, á svæðum sem beit er létt af.
- Efla innviði skógræktarstarfsins, þ.m.t. menntun skógfræðinga, rannsóknir, almannatengsl, gróðrarstöðvar, tækjakost o.m.fl.



## 2. Skógarnytjar, verðmæta- og nýsköpun

Auka skógrækt þar sem viðarnytjar eru meðal markmiða. Tryggt verði að umfang, framleiðsla og gæði skógarauðlindarinnar geti staðið undir arðbærum nytjum. Ná skal sem mestum ávinningi af stækkandi skógarauðlind Íslands á sjálfbæran hátt, ýta undir þróun úrvinnsluiðnaðar og samþætta skógrækt öðrum landnýtingarkostum og atvinnugreinum.

### Helstu rök

- Sem hráefni er viður umhverfisvænn, hagkvæmur og til fjölmargra hluta nytsamlegur.
- Fjárhagslegur ágóði er ein meginstoð sjálfbærrar þróunar og undirstaða þess að hinar margvíslegu afurðir og þjónustubættir skóga skili sér til almennings.
- Virðisauki af timburframleiðslu krefst þess að til sé samkeppnisfær úrvinnsluiðnaður til að taka á móti því hráefni sem fellur til í skógum landsins og forsenda þess að hann geti orðið til er mikið og stöðugt framboð á timbri.
- Trjátegundir sem ræktaðar eru á Íslandi með góðum árangri bjóða uppá fjölbreytt tækifæri til nytja.
- Skógrækt getur aukið atvinnustarfsemi og bætt efnahag á landsbyggðinni, sérstaklega ef í kjölfarið fylgir staðbundinn úrvinnsluiðnaður og markaðssetning viðarafurða.

### Helstu leiðir

- Hvetja til aukinnar notkunar á viði og öðrum skógarafurðum.
- Koma á stöðugu framboði af innlendu timbri með reglubundinni umhirðu, grisjun og fellingu skóga.
- Auka skilvirkni í útvegum og úrvinnslu skógarafurða.
- Hvetja til uppbyggingar á skógartengdri ferðaþjónustu.



### 3. Samfélag, aðgengi og heilsa

Auka lífsgæði og vellíðan landsmanna með því að efla félagslega innviði samfélagsins, þar sem skógar og skógrækt skipta miklu máli. Auðvelda aðgengi almennings að skóglendum og gera fólki kleift að njóta þar útivistar, ekki síst í því augnamiði að bæta líkamlega og andlega heilsu, þ.e. að efla lýðheilsu.

#### Helstu rök

- Skógur er kjörinn vettvangur til líkamlegrar heilsueflingar auk þess að vera ákjósanlegt umhverfi fyrir fólk sem á við andlega vanheilsu að stríða.
- Skógrækt og tengdar umhverfisbætur skapa vettvang fyrir þátttöku almennings í félagslífi. Gott aðgengi að skógum skapar möguleika á ýmiskonar íþróttaiðkun, náttúruskoðun og fræðslu.
- Menntun og fræðsla eru lykilþættir í sjálfbærri samfélagsþróun. Skógar eru frábærar „kennslustofur“ til að efla umhverfisvitund og byggja upp jákvæð viðhorf til menntunar hjá fólki á öllum aldri, ekki síst hjá þeim sem njóta sín ekki í hefðbundnu skólaumhverfi.
- Skóglendi og trjágróður í þéttbýli dregur úr áhrifum mengunar og öfgum í veðurfari.

#### Helstu leiðir

- Stuðla að ræktun og umhirðu á skóglendum, ekki síst í og við þéttbýli, sem aðlaðandi vettvang til hreyfingar, fræðslu, afslöppunar og afþreyingar. Nota skógrækt til að bæta illa farið og illnýtanlegt land.
- Auka þekkingu á því hvað „gott aðgengi“ þýðir og finna leiðir til að bæta aðgengi almennings að skógum.
- Viðhalda vegum, reiðleiðum og stígum í skóglendi og taka tillit til þeirra sem fyrir eru í skógræktaráætlunum.
- Efla fræðslu til skógræktenda.
- Tryggja haldgóða menntun skógfræðinga



## 4. Umhverfisgæði og líffjölbreytni

Vernda jarðveg og vatnsgæði, skapa skjól og hreinsa loft, fegra land og styðja við endurreisn og eflingu líffjölbreytni. Skógar og skógrækt stuðli að því að fá sem mestan ávinning af hinu einstaka umhverfi Íslands jafnframt því að tekið sé tillit til annarra umhverfisgæða og verndarsjónarmiða.

### Helstu rök

- Náttúruskógar voru meðal höfuðvistkerfa landsins, en þekja þeirra hefur rýrnað um 95% frá landnámi. Vernd þeirra og aukin útbreiðsla eru mikilvægir liðir í að vernda og efla líffjölbreytni.
- Rýrt og rofið land hefur margvísleg neikvæð umhverfisáhrif og stendur ekki undir teljandi kröfum um líffræðilega eða efnahagslega framleiðni. Með skógrækt getur slíkt land orðið framleiðslumikið á ný og stuðlað að sjálfbærni í landnýtingu.
- Vatnsmiðlunareiginleikar skóga verja og bæta vatnsgæði.
- Jarðvegur er mikilvæg náttúruauðlind sem hefur rýrnað á stórum hluta Íslands sökum skógareyðingar og beitar. Skógur veitir betri vörn gegn vind- og vatnsrofi jarðvegs en annar gróður
- Skógurinn skapar búsvæði fyrir margar tegundir lífvera. All margar fremur sjaldgæfar lífverutegundir eru háðar skógum og skógarjöðrum.
- Skógar sem þættir í annars skóglausu landslagi auka búsvæðafjölbreytni.
- Tré og skóglendi, einkum í þéttbýli, bæta loftgæði með því að fanga svifryk og taka upp mengandi lofttegundir á borð við brennisteinsdíoxíð og ósón.

### Helstu leiðir

- Auka skógrækt til uppgræðslu og jarðvegsverndar á rofsvæðum og öðru rýrlendi.
- Kynna gildi borgarskóga og trjálunda við að draga úr mengun í þéttbýli.
- Auka þekkingu á landslagsþáttum, vernda sérstætt landslag og nýta möguleika skógræktar til að fegra land með góðri hönnun og áætlanagerð í skógrækt.
- Auka vernd á náttúrlegum skógarleifum, en þær geta haft að geyma fágætar lífverutegundir.
- Endurreisa skógarvistkerfi á skóglausum svæðum.
- Stuðla að betra skipulagi landnýtingar, þannig að búsmali verði í auknum mæli girtur af en ekki hvert einasta skógræktar- eða skógverndarsvæði.
- Auka vitund á þýðingu allra skóga fyrir umhverfisbætur og umhverfisvernd.
- Tryggja að tekið sé tillit til verndarþátta við ákvarðanir um skógrækt.
- Skógræktargeirinn taki virkan þátt í stefnumótun í umhverfismálum.





## 5. Loftslagsbreytingar

Efla skógrækt sem mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum og jafnframt aðlaga skógrækt að loftslagsbreytingum.

### Helstu rök

- Loftslagsbreytingar eru ein mesta ógn sem heimsbyggðin glímir við á okkar tímum.
- Skógrækt dregur úr uppsöfnun CO<sub>2</sub> í andrúmsloftinu með bindingu kolefnis í vaxandi skógi, öðrum gróðri og jarðvegi skóganna. Stór hluti vænlegs skógræktarlands hefur mikla möguleika til kolefnisuppsöfnunar. Með réttum aðferðum má auka bindingu á hverja flatarmálseiningu umtalsvert.
- 12% (1,2 milljónir ha) skógarþekja getur bundið sem samsvarar því sem næst allri losun CO<sub>2</sub> á Íslandi.
- Veruleg hlýnun andrúmsloftsins er óumflýanleg nú þegar. Aðlögun að loftslagsbreytingum felur m.a. í sér að færa sér í nyt aukna vaxtarmöguleika skóga á Íslandi.

### Helstu leiðir

- Efla rannsóknir, þróa leiðir og vakta framlag skógræktar til þess að takast á við loftslagsvána.
- Að auka skilning á áhrifum loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi og skógræktaraðferðir.
- Efla rannsóknir til að komast að raunhæfum samanburði á mismunandi leiðum til kolefnisbindingar.
- Vinna viðbragðsáætlun vegna loftslagsbreytinga fyrir skógrækt í landinu.
- Leggja áherslu á þýðingu trjákyndbóta, m.a. í því augnamiði að tryggja erfðafræðilega aðlögun að loftslagsbreytingum.
- Virkja möguleika skógræktar til aukinnar kolefnisbindingar, sem framlag til heildarmarkmiða íslenskra stjórnvalda um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Anna sem mest spurn eftir trjáviði til iðnaðarferla í stað efna sem losa meira af gróðurhúsalofttegundum ýmist í framleiðslu eða við flutning milli landa.
- Stuðla að aukinni framleiðslu og notkun innlends timburs sem byggingarefni í stað steinsteypu og málma.



## V. Tenging við almenn markmið stjórnvalda

Íslensk stjórnvöld hafa markað sér stefnu um sjálfbæra þróun. Þar er gert ráð fyrir því að allar þrjár stoðir (hagrænar, félagslegar og umhverfislegar) sjálfbærrar þróunar liggi til grundvallar hverskonar stefnumótun í samfélaginu. Allir þættir þessarar stefnu í skógrækt miða að því að ná hinum opinberu markmiðum og tengjast allir einhverjum af þremur stoðum sjálfbærrar þróunar.

Aukin útbreiðsla skóga hefur margvíslegar breytingar á landi og náttúrufari í för með sér, svipað og önnur landnotkun, og getur því leitt til hagsmunaárekstra í einstaka tilfellum. Hagsmunaárekstra ber að forðast eins og kostur er, en ella að leita lausna sem eru hvað flestum ásættanlegar. Vel ígrunduð ákvarðanatöku og góð skipulagning skógræktar eru forsendur þess að líkurnar á að ná markmiðum skógræktar séu miklar, að neikvæð áhrif á umhverfið og árekstrar við aðra hagsmuni séu í lágmarki og að fólk sé almennt sátt við skógræktina.

Við skipulag framkvæmda er eðlilegt að skógrækt lúti sömu kröfum og annar landbúnaður. Á það við um opinbera skipulagsskyldu, framkvæmdaleyfis skyldu og matsskyldu á umhverfisáhrifum. Áhersla er lögð á að öll starfsemi sem krefst landnotkunar sé vel samhæfð í skipulagsáætlunum og þar njóti skógrækt sannmælis á grundvelli þess margháttaða ágóða sem hún hefur í för með sér.

Við gerð þessarar stefnu var hliðsjón höfð að stefnumótandi vinnu á ýmsum sviðum og samrýmist stefnan þeim niðurstöðum þótt snertifletirnir séu misstórir eins og gefur að skilja. Mikilvægust sem grunnöggn voru ályktanir og yfirlýsingar ráðherrafunda um vernd skóga í Evrópu (Forest Europe) ([www.foresteurope.org](http://www.foresteurope.org)) og framsetning þeirra í nýlegri stefnumótun Skota í skógræktarmálum. Önnur grunnöggn voru m.a.:

- Stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun - Velferð til framtíðar
- Skógrækt í sátt við umhverfið (<http://www.skog.is/leidbeiningar.htm>)
- Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga
- Selfossyfirlýsing Norrænna skógarmálaráðherra um sjálfbæra skógrækt 2008
- Stefna stjórnvalda í vernd líffræðilegrar fjölbreytni (tekur m.a. á atriðum er varða Rio samninginn, Bernar samninginn og Ramsar samninginn)
- Loftlagssamningur Sameinuðriþjóðanna og stefna stjórnvalda í loftslagsmálum
- Samningur Sameinuðriþjóðanna um varnir gegn eyðimerkurmyndun
- Lýðheilsustefna
- Byggðaáætlun
- Stefna Dana í skógræktarmálum
- Stefna Íra í skógrækt

Við túlkun á stefnu þessari ber einnig að hafa hliðsjón að eftirtöldum lögum og reglugerðum þeim tengdum:

- Skógræktarlög nr. 3/1955
- Lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006
- Náttúruverndarlög nr. 44/1999
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

## VI: Sjálfbær skógrækt

Sjálfbær þróun á hugmyndafræðilegar rætur að rekja til umfjölunar um skógrækt. Þýski skógræðingurinn Hans Carl von Carlowicz notaði hugtakið fyrst í ritinu *Silvicultura Oeconomica* árið 1713 til að lýsa því hvernig hægt væri að nýta skóg án þess að eyða honum. Georg Ludwig Hartig (1764-1837) útskýrði hugtakið á þennan hátt: *Öll skynsamleg skógrækt verður að hafa í heiðri og leitast við að efla og nýta sem best gæði skógarins, en þannig að óbornar kynslóðir geti sótt í skógana að minnsta kosti jafn mikil gæði og núlifandi kynslóð krefst sér til handa.*

Löng hefð er fyrir sjálfbærni í ræktun, meðferð og nýtingu skóga. Sjálfbærni er kjarninn í skógræðimenntun og hugmyndafræði hennar er þroskaðri í skógræði en á öðrum sviðum samfélagsins. Í fjölþjóðasamstarfi um vernd skóga í Evrópu (Forest Europe) var eftirfarandi skilgreining samþykkt af Evrópuþjóðum (þ. á m. Íslandi) og er hún einn helsti grundvöllur þess samstarfs:

*Sjálfbær skógrækt merkir að varsla og notkun skóga og skóglendis sé hagað þannig og unnin á þeim hraða að líffræðilegri fjölbreytni, framleiðni, endurnýjun, þrótti og getu þeirra til að veita, núna og um alla framtíð, viðeigandi vistfræðilega, hagræna og félagslega þjónustu, á staðar-, lands- og heimsvísu sé viðhaldið, án þess að skaða önnur vistkerfi.*

Þessi skilgreining ber þess merki að vera samin í hinni skógi vöxnu Evrópu og af því stafar áherslan á „vörslu“ og „viðhald“. Íslendingar spilltu sínum skógum og eyddu fyrir löngu síðan og því á áherslan á viðhald ekki eins vel við héraðs. Íslendingar eru í þeirri stöðu að þurfa að leggja áherslu á að endurreisa og efla þá þætti sem taldir eru upp í skilgreiningunni. Fyrir Ísland á eftirfarandi skilgreining betur við, en á þessum skilgreiningum er aðeins blæbrigðamunur:


*Sjálfbær skógrækt merkir að endurreisn, varsla og notkun skóga og skóglendis sé hagað þannig og unnin á þeim hraða að líffræðilegri fjölbreytni, framleiðni, endurnýjun, þróttur og geta þeirra til að veita, núna og til frambúðar, viðeigandi vistfræðilega, hagræna og félagslega þjónustu, á staðar-, lands- og heimsvísu séu efla, án þess að skaða önnur gæði.*

Forsenda þess að skógrækt verði sjálfbær er að við höldum áfram að byggja upp skógarauðlind á Íslandi. Hugtakið skógarauðlind er hér notað um öll þau umhverfislegu, hagrænu og félagslegu gæði sem skógur veitir, óháð því hvort eða hvernig þau eru metin til peningalegs verðs. Sumar tegundir skógarnytja krefjast þess ekki að skógar séu víðáttumiklir eða saman standi af framleiðslumiklum trjátegundum. Á það t.d. við um útivist og ágóða í formi bættrar lýðheilsu. Aðrar tegundir skógarnytja eru beinlínis háðar því að skógarauðlindin sé framleiðslumikil og af nægilegri stærð. Á það bæði við um hagræna og umhverfislega þætti. Lítil og dreifð auðlind stendur illa undir nauðsynlegri fjárfestingu í tækjum og búnaði til úrvinnslu viðarafurða og víðáttumiklir skógar duga mun betur til jarðvegsverndar en smáreitir svo dæmi séu tekin.



## VII. Landsáætlun í skógrækt (nánar í 2. Viðauka)

Stefna ein og sér er gagnslítill nema gerðar séu ráðstafanir til að framfylgja henni með framkvæmdum byggðum á raunhæfri áætlanagerð. Landsáætlun í skógrækt (e: national forestry programme), sem gerð er á grundvelli þessarar stefnu, er helsta stjórnsýslulega verkfærið til að ná áhersluatriðunum fram. Landsáætlunin skal eiga sér stoð í lögum og vera unnin með aðkomu allra viðkomandi aðila innan og utan skógræktargeirans. Hana skal endurskoða á fjögurra ára fresti og verður þannig virkt ferli frekar en dautt plagg. Landsáætlun í skógrækt skal lýsa skýrum verkefnum sem innihalda tímasett markmið og vörður, til mislangs tíma eftir atvikum (þ.e. ekki bundin við fjögur ár). Þá skal fylgja henni fjárhagsáætlun til a.m.k. fjögurra ára í senn. Mikilvægt er að hefjast handa strax þannig að fyrsta landsáætlun geti tekið gildi á árinu 2015.



# Viðaukar

Nánari skýringar á skógstefnunni



# 1. viðauki: Nánar um megináherslur stefnunnar

## 1. Áhersla: Uppbygging skógarauðlindar

Unnið verði að endurreisn skóga á Íslandi í þágu lands og þjóðar, af eins miklu afli og mögulegt er en jafnframt af skynsemi og tillitsemi við önnur gæði. Stefna er sett um 12% skógarþekju landsins. Hún samanstendur af tillögum um 1) 10% þekju láglandis á skógum til nytja, en það samsvarar 5% af flatarmáli landsins, 2) aukinni skógrækt til landbóta, yndis og útivistar sem er þó ólíkleg til að ná nema um 1% af flatarmáli landsins og 3) aukinni útbreiðslu skóga til verndar og vistkerfisþjónustu, en þar er einkum um náttúrulega útbreiðslu birkiskóglendis að ræða og gæti hún náð til 6% landsins eða meira, háð því að sátt náist um að aflétta beit af stórum svæðum.

### Markmið

- Það höfuðmarkmið verði haft að leiðarljósi að skógarþekja verði a.m.k 12% af flatarmáli Íslands árið 2110
- Leiðir til að ná þessu markmiði og mismunandi áherslur verða tíundaðar í landsáætlun í skógrækt hverju sinni.
- Til verði skógarauðlind á Íslandi til arðsamrar viðarframleiðslu á a.m.k. 5% láglandis (neðan 400 m) fyrir 2030 og 10% láglandis fyrir 2070. Þessi auðlind er nauðsynlegur grunnur undir úrvinnslu og atvinnusköpun.
- Skógar til yndis og útivistar verði aðgengilegir almenningi við alla þéttbýlisstaði landsins og víða í dreifbýli.
- Skóglendi, einkum með birki, breiðist út í kjölfar betri beitarstýringar, ekki síst á illa förnum svæðum í afréttum, allt upp í 500 m hæð nú, en hærra eftir því sem hlýnar.
- Skógar veiti margskonar vernd og vistkerfisþjónustu.
- Fjölbreytni í nytjum verði höfð að leiðarljósi í ræktun og meðferð skóga.
- Við aukningu á skógarþekju verði tillit tekið til annarrar landnýtingar og verndarsjónarmiða þannig að markmið skógræktar falli sem best saman við önnur markmið.

### Rök

- Skógar eru hér á landi sem annarsstaðar til mikilla hagsbóta fyrir land og þjóð. Með skýrum markmiðum, góðu skipulagi og sjálfbærni í nýtingu samfara aukinni útbreiðslu geta þeir skilað mjög miklu til þjóðarhags og verndar landgæða.
- Þjóðin vill meiri skóg, enda er flestum ljóst að það sem helst vantar í skóglausu landi er skógur. Þessi vilji þjóðarinnar lýsir sér í mikilli almennri þátttöku í skógrækt, miklum fjölda meðlima Skógræktarfélags Íslands, mikilli nýtingu Íslendinga á skógum til útivistar og þegar spurt er beint segjast 85% Íslendinga vilja meiri skóg (skv. IMG/Gallup könnun 2004).
- Skógarauðlind var til á Íslandi en er nú að mestu horfin. Hún var mikilvæg og mikið nýtt, en ósjálfbær nýting leiddi til þess að hún eyddist sem auðlind.
- Þekkingaröflun og reynsla undanfarinna áratuga sýnir að auðlindina má endurreisa og að hér geti vaxið skógar sem standi undir kröfum um framleiðni, arðsemi og fjölpættar nytjar.
- Skógrækt getur aukið framleiðslu og þar með verðmætasköpun af landi.
- Íslendingar nýta jafnmikið af skógarafurðum og aðrar þjóðir með sambærileg lífsgæði, en þær eru nær allar innfluttar. Sá innflutningur nemur tugum milljarða króna árlega. Verulegan hluta þeirrar verðmætasköpunar má færa til Íslands þegar hér verður

skógarauðlind sem undirstaða. Auk þess felst orkusparnaður og þar með aukin sjálfbærni í innlendri framleiðslu, samanborið við að flytja allt langar vegalendir yfir hafið.

- Uppbygging auðlindarinnar og síðan úrvinnsla afurða skapa fjölda starfa og heilar atvinnugreinar. Markmiðið er að skógrækt verði á allan hátt sjálfbær og óháð ríkisframlögum þegar fram líða stundir. Til þess þarf skógarauðlindin að vera nægilega stór til að þjóna úrvinnsluiðnaði, aðferðir við nýtingu hennar skilvirkar og vörur framleiddar sem öruggir markaðir eru fyrir. Þessar áherslur hafa áhrif á tegundaval og val á landi til skógræktar. Írar hófu uppbyggingu skógarauðlindar á svipuðum tíma og undir svipuðum kringumstæðum og Íslendingar en gengu ákveðnar til verka. Nú þekja skógar 10% Írlands og skapa 16.000 störf.
- Skógar landsins eru þegar mikið nýttir til útivistar. Árlegur fjöldi gesta í íslenskum skógum er áætlaður ríflega 4,6 milljónir (14,5 heimsóknir að meðaltali á hvern Íslending). Aukin útbreiðsla skóga og bætt aðgengi, einkum í grennd við þéttbýli, býður uppá aukna möguleika til útivistar og nýtingu þeirra til eflingar lýðheilsu. Samkvæmt frumniðurstöðum úr Heiðmörk má ætla að beint peningalegt verðmæti þessarar útivistar hérlendis nemi milljörðum króna árlega.
- Skógar vernda jarðveg, hreinsa vatn og auka fjölbreytni búsvæða. Jarðvegs- og gróðureyðing er alvarlegasta umhverfisvandamál sem Íslendingar eiga við að etja og í glímunni við hana næst bestur og varanlegastur árangur með því að græða landið skógi. Vatn er ein verðmætasta auðlind sem við eigum og vernd hennar, þ.m.t. með aðstoð skóga, er nauðsynleg. Skógar eru fágætir á Íslandi og því næst fram aukin fjölbreytni búsvæða með aukningu skóglendis svo fremi að það sé ekki gert á kostnað annarra fágætra búsvæða.

## Leiðir

- Auka umfang nýræktar skóga með timburframleiðslumarkmiðum
  - Stuðla að aukinni skógrækt á bújörðum til að byggja upp skógarauðlind, sem lið í að auka fjölbreytni starfa í landbúnaði og til að skapa ný og ábatasöm störf í dreifðum byggðum landsins
  - Efla skógrækt á vegum þeirra opinberu stofnana sem ráða yfir landi sem þeim er lögum samkvæmt ætlað að græða skógi
  - Skipuleggja landval og tegundaval m.t.t. þess að framleiðslumarkmið náist jafnframt því að forðast neikvæð áhrif á önnur umhverfisgæði
  - Forðast óþarfa hömlur á notkun lands til skógræktar.
- Auka skógrækt í þágu yndis og útivistar
  - Efla skógrækt á vegum skógræktarféлага, ekki síst í grennd við þéttbýli og í samstarfi við sveitarfélög
  - Efla aðra þætti skógræktar með félagsleg markmið, sérstaklega skjólbeltarækt, borgarskógrækt og jólatrjáarækt
- Stuðla að aukinni útbreiðslu skóga sem veita vernd og vistkerfisþjónustu
  - Aukin friðun lands fyrir beit til að stuðla að útbreiðslu birkiskóglendis
  - Aukin beitarstýring á afréttarsvæðum til að hvíla land tímabundið og stuðla þannig að aukinni útbreiðslu birkis og víðis
  - Aðrar aðgerðir sem stuðla að útbreiðslu náttúruskóga, m.a. friðun skógarleifa og aðgerðir til að stuðla að sjálfsáningu
- Efla kynningu á þætti skógræktar í sjálfbærri þróun
  - Kynna sögu hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, en hún rekur rætur sínar til skógræktar
  - Kynna skóga og skógrækt sem fyrirmynd að sjálfbærni

- Tryggja og efla fræframleiðslu og fræöflun
  - Skilgreina frælundi af helstu trjátegundum sem notaðar eru í skógrækt
  - Stofna til frægarða með völdu efni
  - Tryggja framboð á hentugum tegundum/kvæmum
  - Efla frægeymslu og umsýslu með trjáfræ
  - Efla kynbætur á mikilvægustu trjátegundum í íslenskri skógrækt
- Efla rannsóknir og þróun í þágu þess að bæta árangur í skógrækt
  - Kynbótarannsóknir
  - Rannsóknir á lifun, þrótti og vexti trjáplantna og leiðum til úrbóta
  - Rannsóknir á ræktunartækni til að auka plöntugæði og bæta skilvirkni skóggræðslustarfs
  - Rannsóknir á umhverfisþáttum sem áhrif hafa á lifun og vöxt trjáa
- Vinna að samhæfingu landnotkunar með hagsmunaaðilum í hinum ýmsu greinum hennar svo skógrækt verði sjálfsagður og eðlilegur þáttur þar í.
  - Þróa áfram þátt skógræktar í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, hvernig hún verði skráð og hvaða eftirlitsskylda með skógrækt hvíli á sveitarfélögum
  - Þróa greiningar- og matskerfi á landi m.t.t. margskonar landnotkunar, þ. á m. skógræktar, og fyrir mismunandi skipulagsstig og svæðisstærðir, með sem víðasta samráði.

#### Vísar til notkunar í landsáætlun í skógrækt

- Breytingar á flatarmáli skóga
- Viðarvöxtur í skógum landsins
- Framleiðsla og notkun innlends fræs
- Niðurstöður úttekta á lifun og þrifum ungplantna

## 2. Áhersla: Skógarnytjar, verðmæta- og nýsköpun

Auka þarf viðarnytjar úr íslenskum skógum. Ná skal sem mestum ávinningi af stækkandi skógarauðlind Íslands á sjálfbæran hátt, ýta undir þróun hagkvæms úrvinnsluiðnaðar og samþætta skógrækt öðrum landnýtingarkostum og atvinnugreinum.

#### Markmið

- Tryggja viðaröryggi Íslands (sbr. matvælaöryggi)
- Hámarka verðmæti skógarauðlinda Íslands til framtíðar og auka þar með hag skógareigenda og þjóðarinnar allrar.
- Að efla sjálfbærni skógræktar og þróa skógarnytjar sem þátt í hagkerfi einstakra svæða og Íslands í heild.
- Að stuðla að þróun úrvinnsluiðnaðar viðarafurða með því að koma á sjálfbæru, áreiðanlegu og stöðugu framboði á hráefni úr íslenskum skógum.
- Ýta undir notkun timburs sem endurnýjanlegs hráefnis.
- Auka skilvirkni útvegunar á viði (viðarframboð) til þess að tryggja samkeppnishæfni íslenska skógargeirans.
- Hvetja til nýsköpunar og þróunar í úrvinnslu skógarafurða á Íslandi
- Efla skógartengda ferðaþjónustu og auka hag skógareigenda og byggðalaga af henni.
- Efla skógarnytjar aðrar en viðarnytjar, svo sem jólatré, ber, sveppir, veiðar o.fl.



## Rök

- Sem hráefni er viður umhverfisvænn, hagkvæmur og til fjölmargra hluta nytsamlegur. Timbur er umhverfisvænsta byggingarefni sem völ er á. Auðlindin er endurnýjanleg, afurðirnar endurnýtanlegar og nýtingin stuðlar að kolefnisbindingu til langs tíma. Kröfur samfélagsins um sjálfbærni eru líklegar til að stuðla að því að þessir eiginleikar timburs verði í miklum metum um ókomna tíð.
- Fjárhagslegur ágóði er ein meginstoð sjálfbærrar skógræktar og undirstaða þess að hinar margvíslegu afurðir og þjónustuþættir skóga skili sér til almennings.
- Markaðsverð á timbri er sveiflukennt þegar horft er til skamms tíma en hefur að jafnaði hækkað stöðugt yfir lengri tíma. Fjárfesting í skógi er því örugg til langs tíma.
- Virðisauki af timburframleiðslu krefst þess að til sé samkeppnisfær úrvinnsluiðnaður til að taka á móti því hráefni sem fellur til í skógum landsins og forsenda þess að hann geti orðið til er mikið og stöðugt framboð á timbri.
- Nú þegar er mun meiri eftirspurn eftir viði en innlendir skógar geta annað. Kaupverð á timbri, sem ávallt er miðað við verð á sambærilegu innfluttu efni, nægir til að standa undir grisjunarkostnaði. Samkeppnishæfni í framtíðinni verður háð stærð og framleiðslu skóganna, hagkvæmni úrvinnslu og framleiðslu vörum sem eftirspurn er eftir.
- Trjátegundir sem ræktaðar eru á Íslandi með góðum árangri bjóða uppá fjölbreytt tækifæri til nytja.
- Skógrækt getur aukið atvinnustarfsemi og bætt efnahag á landsbyggðinni, sérstaklega ef í kjölfarið fylgir staðbundinn úrvinnsluiðnaður og markaðssetning viðarafurða.
- Skógar skapa umgjörð sem hefur jákvæð áhrif á umhverfi mannsins. Þeir draga úr hávaða og rykmengun, auka skjól og mynda vistlegt umhverfi sem laðar fólk að til búsetu og vinnu.
- Skógar auka fjölbreytni landslags í skóglitlum löndum. Skógrækt rýrir *ekki* möguleika Íslands til að taka á móti fleiri ferðamönnum: þvert á móti. Ferðafólk vill *bæði* fjallasýn og skjólgott umhverfi. Því stuðlar skógrækt að auknum möguleikum í ferðaþjónustu.

## Leiðir

- Koma á stöðugu framboði af innlendu timbri, með því að:
  - Meta lágmarkspörf á umfangi nytjaskógræktar til að standa undir sjálfbærum úrvinnsluiðnaði
  - Áætla framleiðslugetu skóga á trjáviði og lýsa þar líklegasta magni og gæðum framleiðslunnar, miðað við forsendur um aukningu og vöxt skóglendis á komandi árum og áratugum
  - Gera nýtingaráætlanir fyrir alla skóga
  - Hvetja til nýsköpunar, rannsókna og þróunar, samstarfs fyrirtækja og annars sem efla mætti og tryggt gæti viðgang viðarúrvinnslu í framtíðinni
  - Auka framleiðni nytjaskóga með skipulegri grisjun og annarri umhirðu
  - Hvetja til framleiðslu timburs af háum gæðum, t.d. með notkun kynbættis efniviðar í trjáplöntuframleiðslu og með því að efla verkþekkingu á umhirðuaðferðum
- Hvetja til aukinnar notkunar á timbri
  - Leggja áherslu á fjölbreytta nýtingu og sjálfbærni trjáviðar (einkum innlendarar framleiðslu) sem hráefni í ýmiskonar framleiðslu
  - Ýta undir notkun viðar til allskonar handverksiðnaðar
  - Efla hæfni og getu á sviði rannsókna á viðargæðum og viðarnýtingu

- Efla þekkingu á úrvinnslu íslenskra skógarafurða og þróa markaði fyrir viðarafurðir.
- Hvetja til þróunar á hagkvæmum nýtingarmöguleikum grisjunarviðar.
- Stuðla að samstarfi innan nærsamfélagsins um markaðsþróun og aukna viðskiptalega möguleika á nýtingu afurða.
- Þróa markaði fyrir trjávið til orkuframleiðslu í dreifbýli og stuðla að stofnun slíkrar úrvinnslu í návígi við hina vaxandi skógarauðlind
- Auka skilvirkni timburútvegunar/framboðs/virðisþeðju
  - Hvetja til verkefna sem auka afköst í skógarvinnu og draga úr kostnaði timburflutninga á landi.
  - Auka vélvæðingu skógarhöggs og viðarflutnings úr skógi.
  - Hvetja til þróunar á staðbundnum timburmörkuðum og finna leiðir til þess að draga úr flutningskostnaði hráefnis milli landshluta
- Ferðapjónusta
  - Rannsaka möguleika sem kunna að felast í skógartengdri ferðapjónustu og tengsl hennar við ferðapjónustu almennt
  - Kanna hvernig skógareigendur geti haft beinar tekjur af ferðapjónustu
  - Stuðla að því að aðstaða fyrir ferðafólk í skógum standist kröfur nútímans
  - Stuðla að því að skóglendi nýtist til íþróttaiðkunar á borð við fjallahjólreiðar, skíðagöngu, hestaferðir o.m.fl.
  - Efla þátt skóga í menningartengdri ferðapjónustu, fjölga skipulegum atburðum í skógum, svo sem skógardögum, útitónleikum, íþróttaviðburðum og gönguferðum með leiðsögn

#### **Vísar til notkunar í landsáætlun í skógrækt**

- Árleg timburframleiðsla
- Hlutur skógræktar í vergri landsframleiðslu
- Áætlað framboð timburs á landinu í heild
- Flatarmál og framleiðni timburskóga
- Fjöldi starfa við skógrækt og tengdar greinar
- Þátttaka í landshlutaverkefnunum í skógrækt

### **3. Áhersla: Samfélag, aðgengi og lýðheilsa**

Nýta á skóga landsins til þess að auka lífsgæði og vellíðan landsmanna. Auðvelda þar aðgengi almennings að skóglendum og gera honum kleift að njóta þar útivistar, ekki síst í því augnamiði að bæta líkamlega og andlega heilsu fólks (= efla lýðheilsu). Þátttaka almennings í samfélagslegum verkefnum og félagastarfsemi tengdum skógrækt styrkir félagslega innviði samfélagsins.

#### **Markmið**

- Auka lífsgæði og vellíðan landsmanna með nýtingu skóga til útivistar, í þágu bættrar lýðheilsu
- Þróa þátt skógræktar í skólustarfi og símenntun
- Efla tengsl skógræktar við samfélagið
- Tryggja fólki aðgengi að skógi til útivistar
- Auka fjölbreytni í útivistarmöguleikum í skógum

- Skógar séu nýttir sem vettvangur fyrir fólk til að öðlast nýja færni og reynslu á ýmsum sviðum
- Efla skógartengda verkþekkingu og verkmenningu.

## Rök

- Skógrækt stuðlar að bættum lífsgæðum. Skógrækt og tengdar umhverfisbætur skapa vettvang fyrir þátttöku almennings í félagslífi. Gott aðgengi að skógum skapar möguleika á ýmskonar íþróttaiðkun, náttúruskoðun og fræðslu.
- Skógur er náttúrulega heilsuþætandi umhverfi og hefur jákvæð áhrif á kvíða og þunglyndi með því að draga úr streitu og andlegri þreytu. Hann er ákjósanlegt umhverfi til að aðstoða fólk sem á við andlega vanheilsu að stríða auk þess að vera kjörinn vettvangur til líkamlegrar heilsueflingar.
- Vel skipulögð skógrækt feugar land, bætir umhverfisgæði og skapar vistlega umgjörð um byggð. Arangursrík skógrækt hefur því mikið velferðargildi („yndisard“) fyrir flesta Íslendinga, hvort sem þeir nýta sér skóginn beint eða ekki.
- Skógar og tré skapa sterk staðareinkenni og verða hluti af menningu hvers staðar. Aðgengilegir og aðlaðandi skógar þurfa að vera við alla þéttbýlisstaði á landinu og mest er þörfin á höfuðborgarsvæðinu. Menningarlegir viðburðir og skipulögð útivera, svo sem gönguferðir með leiðsögn í skógum draga úr félagslegum hindrunum á því að fólk njóti skóga.
- Með skógrækt og í skóglendi eru tækifæri til að skapa störf við félagslega þjónustu þar sem fólk getur öðlast færni á ýmsum sviðum.
- Menntun og fræðsla eru lykilþættir í sjálfbærri samfélagsþróun. Skógar eru frábærar „kennslustofur“ til að efla umhverfisvitund og byggja upp jákvæð viðhorf til menntunar hjá fólki á öllum aldri sem nýtur sín ekki í hefðbundnu skólaumhverfi.
- Nauðsynlegt er að til staðar sé bæði fræðileg þekking (bókvit) og verkunnátta (verkvit) á öllu sem lýtur að ræktun, meðferð og nýtingu skóga. Afar mikilvægt er að laða vel menntað og hæfileikaríkt fólk til starfa við skógrækt. Slíkt fólk stuðlar að nýbreytni, auknum gæðum, samkeppnishæfni og framleiðni.

## Leiðir

- Aukin lífsgæði og bætt lýðheilsa
  - Stuðla að ræktun, umhirðu og bætt aðgengi að skóglendum í og við þéttbýli, sem aðlaðandi vettvang til hreyfingar, fræðslu, afslöppunar og afþreyingar m.a. með stuðningi við skógræktarfélag, sveitarfélag og aðra skógareigendur.
  - Koma notagildi skóga á framfæri við skipulagsyfirvöld og ráðgjafa og stuðla þannig að skipulagningu skóglendis sem umgjörð byggðar. Auka notkun trjáræktar til feagnar í kringum hvers konar mannvirki og efla þekkingu og skilning á skógum sem umgjörð atvinnulífs.
  - Auka þekkingu á leiðum til að ná fram sem mestum félagslegum ávinningi af skógum fyrir almenning.
  - Auka þekkingu á þætti skóga í að efla lýðheilsu og auka nýtingu þeirra í því augnamiði.
  - Koma á samstarfi við aðila innan heilbrigðisgeirans til að þróa og innleiða heilsuskógaverkefni.
  - Hvetja almenning til þátttöku í skógrækt, t.d. á vegum skógræktarféлага
- Gott aðgengi
  - Auka þekkingu á því hvað „gott aðgengi“ þýðir og finna leiðir til að bæta aðgengi almennings að skógum.

- Efla stuðning við ræktun skóga sem nýtast til útivistar á þeim svæðum og í þeim tilvikum þar sem líklegt er að sem flestir njóti þess.
  - Hvetja skógareigendur við að bæta aðgengi almennings að skógum, t.d. með því að tillit sé tekið til þess í skógræktaráætlunum
  - Stuðla að þróun aðferða við skipulagningu og umhirðu skóga til að þeir meigi nýtast á sem fjölbreytilegastan hátt
  - Stuðla sérstaklega að aðgengi hreyfihamlaðra að skógum og auka nýtingarmöguleika skóglenda fyrir mismunandi markhópa
  - Stuðla að auknu trausti fólks á skógum sem öruggu og aðlaðandi umhverfi, t.d. með góðri umhirðu, framboði á fjölbreyttri aðstöðu til útivistar og viðveru skógarvarða.
  - Leggja áherslu á viðhald vega, reiðleiða og stíga í skóglendi og taka tillit til þeirra sem fyrir eru í skógræktaráætlunum.
  - Hvetja til þess að fólk notfæri sér göngu- og hjólaleiðir í skóglendi í og við þéttbýli sem hluti af daglegum ferðum.
- Menntun og fræðsla
    - Hvetja menntastofnanir til að notfæra sér skóga í kennslu og símenntun.
    - Auka tengsl skógargeirans við grunn- og framhaldsskóla með því að koma skógartengdu námi inni í sem flestar greinar í námskrár
    - Auka viðurkenningu á gildi skógfræðináms fyrir margvíslega stjórnun og nýtingu auðlinda
    - Kanna og þróa möguleika skóga m.t.t. símenntunar
    - Nota skóglendi til að kynna mikilvægi skógræktar í sjálfbærri þróun, þar á meðal í loftslagsmálum og vernd líffræðilegrar fjölbreytni
    - Efla fræðslu til skógræktenda, t.d. með námi á borð við *Grænni skóga* eða fræðslu á vegum Skógræktarfélags Íslands o.fl. aðila
    - Þróa innlent nám í skógfræði svo það uppfylli þarfir skógræktar á Íslandi fyrir vel menntaða skógfræðinga
  - Aukin tengsl innan samfélagsins
    - Efla þátttöku samfélagsins í skógrækt með námskeiðum fyrir starfsfólk sveitarfélaga, leiðbeiningum um skógrækt í umhverfi þéttbýlis og með styrkjum.
    - Viðhalda góðum tengslum skógræktarfélaga, félagasamtaka, ríkisstofnana, skógarbænda og fyrirtækja sem tengjast skógrækt.
  - Vinna við skógrækt
    - Fyllsta öryggis verði gætt í allri skógarvinnu.
    - Stuðla að því að hæft starfsfólk vilji vinna innan skógræktargeirans með því að leita leiða til að gera störfin fjölbreytt og áhugaverð.
    - Hvetja til þróunar í starfi með því að bjóða starfsfólki í skógræktargeiranum aukna möguleika til endurmenntunar og símenntunar.
    - Auka framboð sumarstarfa við skógrækt. Sumarstörf ungs fólks við skógrækt eru gefandi og þroskandi.

### Vísar til notkunar í landsáætlun í skógrækt

- Fjöldi heimsóknna í íslenska skóga
- Fjöldi skóla sem tekur þátt í skógartengdum kennsluverkefnum.
- Fjöldi fólks sem sótt hefur námskeið í skógrækt undanfarið ár.

- Hlutfall þjóðarinnar sem býr innan 500 metra frá opnu skóglendi sem er stærra en 2 ha að flatarmáli. Einnig hlutfall þjóðarinnar sem býr innan 4 km frá opnu skóglendi sem er stærra en 20 ha.
- Fjöldi og lengd göngustíga í skógum.
- Viðhorfskannanir til útivistaraðstöðu í skógum.

#### 4. Áhersla: Umhverfisgæði og líffjölbreytni

Skógar og skógrækt verði til að vernda og auka gæði umhverfisins, bæta og fegra landslag og styðja við endurreisn og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni.

##### Markmið

- Vernda jarðveg, vatnsgæði og loftgæði
- Endurreisa, efla og vernda líffræðilega fjölbreytni með skógvernd, nýskógrækt, umhirðu og aðgerðum sem lúta sérstaklega að skóglendi og skógartegundum.
- Auka þekkingu á hlutverki skóga í umhverfismálum og tryggja að tillit sé tekið til þeirra við ákvarðanir.
- Aukin þekja skóglendis falli sem best að landi og tillit sé tekið til margskonar náttúrugæða og verndarsjónarmiða við ákvarðanatöku um skógrækt og nýtingu skóga.

##### Rök

- Rýrt og rofið land stendur ekki undir teljandi kröfum um líffræðilega eða efnahagslega framleiðni, jarðvegsvernd eða vatnsvernd. Framleiðslumikil vistkerfi, svo sem skógar, eru aftur á móti undirstaða sjálfbærrar þróunar; fjárhagslega, félagslega og umhverfislega.
- Vatnsmiðlunareiginleikar skóga verja og bæta vatnsgæði. Skóglendi tefur framrennsli úrkomu og snjóleysinga, varðveitir raka í jarðvegi og dregur þar með úr flóðum og vatnsrofi sem spillt geta vatnsbólum og lífríki vatnsfalla.
- Jarðvegur er mikilvæg náttúruauðlind sem hefur rýrnað á stórum hluta Íslands sökum skógareyðingar og beitar. Skógur veitir betri vörn gegn vind- og vatnsrofi jarðvegs en annar gróður. Skóggræðsla er þannig besta forvörnin gegn hnignun landkosta og líffræðilegra ferla.
- Aukin skógarþekja skapar nýja landslagsvídd og skerpir mun milli gróðurs og auðnar. Með góðu skipulagi geta ræktaðir skógar orðið til þess að auka upplifun fólks af fögru útsýni og landslagi.
- Viðhald og efling á líffræðilegri fjölbreytni er mikilvægur þáttur í sjálfbærri þróun.
- Skógurinn skapar búsvæði fyrir markar tegundir lífvera, sumar þeirra fremur sjaldgæfar hér á landi. Skóglendi var höfuðvistkerfi láglandis á Íslandi fyrir landnám en meira en 95% þess hefur eyðst af mannavöldum síðan. Þeir skógar sem eftir eru hafa því mikið gildi m.t.t. verndunar á líffræðilegri fjölbreytni.
- Rannsóknir sýna að ræktaðir skógar innfluttra trjátegunda nýtast sem búsvæði fyrir fjölda innlendra lífverutegunda.
- Hægt er að efla líffræðilega fjölbreytni með samhæfingu skógræktar við aðra landnýtingu, þ.m.t. náttúruvernd.
- Loftgæði hafa mikil áhrif á heilsufar fólks. Tré og skóglendi, einkum í þéttbýli, bæta loftgæði með því að fanga svifryk og taka upp mengandi lofttegundir á borð við brennisteinsdíoxíð og ósón.
- Víða á landinu er að finna ræktaða garða og skóga sem gegna menningarsögulegu hlutverki og hlutverki við varðveislu erfðafnis á lands- og heimsvísu. Þar er víða að

finna innfluttar trjátegundir sem eru sjaldgæfar eða í hættu í heimkynnum sínum. Ræktun á Íslandi getur haft þýðingu fyrir vernd þeirra á heimsvísu.

## Leiðir

- Vernd jarðvegs, vatns og loftgæða
  - Auka skógrækt til uppgræðslu og jarðvegsverndar á rofsvæðum og öðru rýrlendi.
  - Efla hlut skógræktar í vörnum gegn öskufoki í kjölfar eldgosa.
  - Efla rannsóknir á hlut skógræktar í jarðvegs-, vatns- og loftgæðavernd.
  - Varast að valda jarðvegsrofi með framkvæmdum sem tengjast skógrækt svo sem við jarðvinnslu og slóðagerð.
  - Kynna gildi borgarskóga og trjálunda við að draga úr mengun í þéttbýli.
- Framlag skógræktar til landslags
  - Auka þekkingu á landslagsþáttum, vernda sérstætt landslag og nýta möguleika skógræktar til að fegra land með góðri hönnun og áætlanagerð í skógrækt.
  - Þróa landslagsgreiningu, hönnun, ræktunaráætlanir og leiðbeiningar um skógrækt m.t.t. þess hvernig fella megir ræktaða skóga að landi.
  - Hvetja til umhirðu skóga (s.s. grisjunar og endurgróðursetningar) til að auka tegundafjölbreytni, bæta ásýnd og innra og ytra útsýni (*nærhrif og fjarhrif skóganna*).
  - Auka fjölbreytni búsetulandslags með skógrækt. Skógar verði sjálfsagður og mikilvægur þáttur í búsetulandslagi.
  - Fella ber ræktaða skóga að landslagi þannig að ekki verði lýti af. Hvetja skal til varkárni í nýskógrækt og meðferð skóga og huga vel að þeim landslags- og útsýnisbreytingum sem óhjákvæmilega verða.
  - Vernda sérstaklega sögulega skógarlundi og stök gömul og sögufræg tré.
  - Skilgreina kröfur um skógræktaráætlanir, þ.m.t. um landslag, náttúru- og minjavernd.
  - Stuðla að vernd fornleifa og sögustaða, þar með talið sögutengda landslagsþátta, með vandaðri hönnun og áætlanagerð í skógrækt.
- Efla líffræðilega fjölbreytni
  - Framfylgja nauðsynlegri vernd á skóglendi innan þjóðskóga, þjóðgarða, friðlanda og annarra opinberra verndarsvæða.
  - Beina verndaraðgerðum að tegundum sem eru á válistum, eru háðar skógum og þykja í mestri hættu.
  - Endurreisa skógarvistkerfi á skóglausum svæðum, ekki síst á rýru, rofnu og örfoka landi og í landshlutum þar sem lítill skógur er eftir.
  - Tryggja að tillit sé tekið til skóglendis og vernd þess í skipulagsáætlunum.
  - Stuðla að aukinni útbreiðslu skóglendis með beitarfriðun.
  - Stuðla að aukinni beitarstjórnun þannig að búsmali verði í auknum mæli girtur af en ekki hvert einasta skógræktar- eða skógverndarsvæði.
  - Hvetja til fjölbreytni í gróðursetningu með vandaðri hönnun skóga. Ræktun skóga með fjölbreyttu tegundavali gerir þá meira aðlaðandi fyrir fólk, en jafnframt hæfari til að bregðast við síbreytilegum aðstæðum og óvæntum áföllum, auk þess að efla betur líffræðilega fjölbreytni.
  - Hrinda í framkvæmd og efla umfangsmikil verkefni í endurreisn skóglendis á auðnum.

- Stefna um vernd erfðalinda fylgi nýjustu þekkingu og að framboð á besta fánlega erfðaeefni til skógræktar verði tryggt.
- Auka vitund
  - Auka vitund, skilning og upplifun fólks af umhverfinu í öllum gerðum skóga og auka þátttöku almennings í skógvernd, t.d. í gegnum skógræktarfélög.
  - Hvetja skóla til að nýta sér skóga í kennslu um umhverfismál, þ.m.t. vatns- og jarðvegsvernd, líffræðilega fjölbreytni og náttúruvernd.
  - Auka vitund á þýðingu allra skóga fyrir umhverfisbætur og umhverfisvernd.
  - Auka vitund á þýðingu líffræðilegrar framleiðslu.
  - Skógar séu vottunarhæfir skv. viðurkenndum vottunarkerfum
- Auka þekkingu til vandaðrar ákvarðanatöku
  - Tryggja að tekið sé tillit til verndarþátta við ákvarðanir um stuðning við skógrækt og útgáfu leiðbeininga.
  - Auka þekkingu á leiðum til að efla umhverfis- og náttúruvernd samhliða öðrum markmiðum með skógrækt.
  - Auka rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni skóglenda.
  - Þróa mælikvarða og úttektir á líffræðilegri fjölbreytni og öðrum umhverfisþáttum og innleiða þær í íslenskri skógarúttekt (ÍSÚ), auk þess að efla ÍSÚ til að fá heildarmynd af samsetningu og ástandi skóglenda.
  - Skógræktargeirinn taki virkan þátt í stefnumótun í umhverfismálum.

#### Vísar til notkunar í landsáætlun í skógrækt

- Árleg gróðursetning í örfoka land.
- Flatarmál skóglenda sem um gilda umhirðu- og nýtingaráætlanir.
- Fjöldi skógartengdra tegunda á válistum þar sem stofnstærðir eru stöðugar eða að aukast á móti fjölda þar sem stofnstærðir eru að minnka.
- Árlegt flatarmál nýskógræktar eftir landgerð.
- Árlegt flatarmál skógareyðingar.

## 5. Áhersla: Loftslagsbreytingar

Efla skal skógrækt sem mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum og jafnframt aðlaga skógrækt að fyrirséðum loftslagsbreytingum.

#### Markmið

- Að auka skilning á hlutverki skóga og skógræktar við að draga úr ógninni af hnattrænum loftslagsbreytingum
- Að tryggja að skógar Íslands og íslensk skógrækt geti aðlagast loftslagsbreytingum
- Að nýta möguleika skógræktar til að draga úr loftslagsbreytingum af mannavöldum í samræmi við stefnu stjórnvalda, sérstaklega með bindingu kolefnis og aukinni nýtingu innlendra viðarafurða

#### Rök

- Loftslagsbreytingar eru ein mesta ógn sem heimsbyggðin glímir við á okkar tímum. Auk þess valda þær mikilli óvissu og munu kynslóðir framtíðarinnar þurfa að mæta loftslagsbreytingunum með sveigjanleika í gerð, útbreiðslu og umhirðu skóglenda. Tryggja verður aðlögun vistkerfa og umhirðuáðferða að slíkri óvissu.

- Skógrækt á áður skóglausu landi dregur úr uppsöfnun CO<sub>2</sub> í andrúmsloftinu með bindingu kolefnis í vaxandi skógi, öðrum gróðri og jarðvegi skóganna. Stór hluti vænlegs skógræktarlands hefur mikla möguleika til kolefnisuppsöfnunar. Með réttum aðferðum má auka bindingu CO<sub>2</sub> á hverja flatarmálseiningu umtalsvert.
- 12% (1,2 milljónir ha) skógarþekja getur mögulega bundid sem samsvarar allri núverandi losun CO<sub>2</sub> á Íslandi.
- Fá önnur ríki hafa jafn mikla möguleika til þess að binda kolefni úr andrúmsloftinu og Ísland, þar sem mikil gróðureyðing hefur verið um aldir og mikið af skemmdu og gróðursnaudu landi.
- Veruleg hlýnun andrúmsloftsins er óumflýanleg nú þegar. Aðlögun að loftslagsbreytingum felur m.a. í sér að færa sér í nyt aukna vaxtarmöguleika skóga á Íslandi.
- Draga má úr losun gróðurhúsalofttegunda með notkun endurnýjanlegra orkugjafa og kolefnisgjafa í iðnaði úr trjáviði í stað jarðefnaeldsneytis og notkun timburs til bygginga mannvirkja í stað stáls eða steinsteypu, en við framleiðslu og flutning slíkra hráefna verður mikil CO<sub>2</sub>-losun.

## Leiðir

- Auka skilning almennings og stjórnvalda á framlagi skógræktar til loftslagsmála
  - Efla rannsóknir, þróa leiðir og vakta framlag skógræktar til þess að takast á við loftslagsvána.
  - Auka skilning á mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga og með hvaða hætti best megi beita skógrækt sem mótvægisáðgerð.
  - Auka skilning á áhrifum loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi og skógræktaraðferðir
  - Efla eftirlit með framkvæmdum sem hafa í för með sér eyðingu skóga og eftirfylgni varðandi mótvægisáðgerðir
  - Auka áreiðanleika líkana um uppsöfnun kolefnisforða í íslenskum skógarvistkerfum og samanburð við aðrar leiðir til kolefnisbindingar
  - Efla rannsóknir til að komast að raunhæfum samanburði á mismunandi leiðum til kolefnisbindingar.
- Aðlögun að loftslagsbreytingum
  - Að vinna viðbragðsáætlun vegna loftslagsbreytinga fyrir skógrækt í landinu. Skoða m.a. breytta notkun trjátegunda og breytt landval til skógræktar, með hliðsjón af breyttu veðurfari.
  - Koma á viðbragðsáætlunum gagnvart skordýraplágum, trjásjúkdómum, skógareldum og stormfalli
  - Leggja áherslu á þýðingu trjákyrnþóta, m.a. í því augnamiði að tryggja erfðafræðilega aðlögun að loftslagsbreytingum og að grípa til aðgerða þegar slíkt telst nauðsynlegt, svo sem að stofna til nýrra tegunda-, kvæma- og klónatilrauna eða flýta endurnýjun illa aðlagaðra skóga með betur aðlöguðu efni.
  - Aðlaga framtíðarspár um viðarvöxt, viðarmagn og kolefnisbindingu í skógum að breyttu loftslagi.
- Aukin kolefnisbinding og varðveisla kolefnisforða í skógarvistkerfum
  - Virkja möguleika skógræktar til aukinnar kolefnisbindingar, sem framlag til heildarmarkmiða íslenskra stjórnvalda um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.



- Auka til lengri tíma vernd þess kolefnisforða sem þegar er fyrir hendi í skóglendum
- Auka skógrækt á landgerðum þar sem kolefnisforðinn er rýr og lítil samkeppni er um landnotkun. Búast má við mikilli kolefnisuppsöfnun af skóggræðslu á kolefnisrýrum jarðvegi.
- Anna sem mest spurn eftir trjáviði til iðnaðarferla og stefna að því eins fljótt og auðið er að eftirspurn á hverjum tíma verði alfarið mætt með innlendu framboði á trjáviði í stað innfluttra jarðkola.
- Stuðla að aukinni framleiðslu og notkun innlends timburs sem byggingarefni í stað steinsteypu og málma.
- Þróa aðferðir við mat á verðgildi kolefnisbindingar skóga og stuðla að markaðsvæðingu losunarheimilda.

### **Vísar til notkunar í landsáætlun í skógrækt**

- Árleg breyting á flatarmáli skóga
- Árleg breyting bindingar kolefnis í skógum
- Breytingar á vexti og viðgangi skóga af völdum loftslagsbreytinga
- Notkun timburs í byggingarðnaði
- Notkun innlends viðar í stað jarðefnaeldsneytis í iðnaðarferlum (s.s. Kísilmálmsverksmiðjum)



## **2.viðauki: Landsáætlun í skógrækt**

Landsáætlun í skógrækt (e: national forestry programme), sem gerð er á grundvelli þessarar stefnu, er helsta stjórnsýslulega verkfærið til að ná áhersluatriðunum fram. Landsáætlunin skal eiga sér stoð í lögum og vera unnin með aðkomu allra viðkomandi aðila innan og utan skógræktargeirans. Hana skal endurskoða á fjögurra ára fresti og verður þannig virkt ferli frekar en dautt plagg. Landsáætlun í skógrækt skal lýsa skýrum verkefnum sem innihalda tímasett markmið og vörður, til mislangs tíma eftir atvikum (þ.e. ekki bundin við fjögur ár). Þá skal fylgja henni fjárhagsáætlun til a.m.k. fjögurra ára í senn. Fyrsta landsáætlun verði til á árinu 2015.

Á vettvangi landsáætlunar í skógrækt verður fjallað sérstaklega um eftirtaldar áherslur, bæði innan einstakra verkefna og sem þjónustu við markmiðin almennt. Þessi atriði má kalla innviði skógræktarstarfsins.

### **Rannsóknir, fræðsla og ráðgjöf**

- Skógræktarrannsóknir hafa það að leiðarljósi að efla og bæta árangur í skógrækt.
  - Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá er miðstöð skógræktarrannsókna á Íslandi. Meginhlutverk hennar eru að skapa þekkingargrunn fyrir skógrækt og stuðla að nýsköpun og framþróun.
  - Rannsóknir í skóg- og trjárækt eru meðal hlutverka Landbúnaðarháskóla Íslands samhliða námi í skógfræði.
  - Stök verkefni er tengjast skógum eða skógrækt fara fram á öðrum stofnunum. Oft eru þessir aðilar í nánú samstarfi um rannsóknaverkefni og er áhersla lögð á að svo verði áfram.
- Öflun, viðhald, þróun og miðlun þekkingar er grundvöllur skógræktarstarfsins. Því er nauðsynlegt að hér á landi sé ávalt hópur vel menntaðra skógfræðinga.
  - Skógartengt nám í grunnskólum og framhaldsskólum vekur áhuga ungs fólks.
  - Skógfræðinám við Landbúnaðarháskóla Íslands eykur skógfræðimenntun í landinu.
  - Framhaldsnám í skógfræði og tengdum greinum erlendis er nauðsynlegt til eflingar á sérþekkingu
  - Fræðsla til skógræktenda og almennings eykur sjálfstraust og bætir meðferð skóga.
  - Aðgengi að ráðgjöf skógfræðinga stuðlar að faglegri ákvarðanatöku.
  - *Skógrækt í sátt við umhverfið* er ráðgjöf um ýmsa þætti skógræktar sem finna má á vefsíðu Skógræktarfélags Íslands. Hagsmunaaðilar innan og utan skógræktargeirans komu að ráðgjöfinni.
- Skógræktaráætlanir, allt frá landsáætlun til ræktunaráætlana fyrir einstaka jarðaparta, eru mikilvægur þáttur í ráðgjöf til skógræktenda. Áfram verður unnið í framþróun áætlanagerðar.

### **Hvatar**

- Markviss kynning á skógrækt hvetur fólk til dáða.
- Flestir skógræktendur finna hjá sér innri hvatningu til að stunda skógrækt. Stundum er hún orðuð á þann veg að fólk vilji „fegra land“ eða „greiða skuldina við landið“ en oftast er það ánægjan af því að rækta, skapa og bæta sitt nánasta umhverfi sem knýr fólk áfram. Slík innri hvatning takamarkast þó oft af ytri aðstæðum, einkum fjárhagslegum, og því þurfa skógræktendur að hafa aðgang að fjármagni til að hin innri hvatning nýtist.

- Sumir finna hvatningu í von um ágóða af skógrækt. Getur þar verið um að ræða hagnað af væntanlegri sölu afurða, sem þó kemur vart til fyrir en að nokkrum áratugum liðnum frá upphafi skógræktar. Nærtækara er að verð á landi eykst með tilkomu skógar og sjá skógareigendur því ágóða í formi aukins verðmætis eigna sinna.
- Fjárhagsleg hvatning til skógræktar á vegum hins opinbera:
  - Landshlutaverkefni í skógrækt (allt að 97% af samþykktum kostnaði við skógrækt á lögbýlum).
  - Landgræðsluskógar (verkefni stýrt af Skógræktarfélagi Íslands með sérstökum framlögum frá ríkinu, styrkir í formi plantna til gróðursetningar í rýrt land)
  - Hekluskógar (verkefni á vegum Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, styrkir í formi plantna til landeigenda innan Hekluskógasvæðisins)
- Fjárhagsleg hvatning frá öðrum aðilum
  - Yrkjúsjóður í umsjá Skógræktarfélags Íslands styrkir gróðursetningu í samstarfi við skóla
  - Mörg sveitarfélög styðja við skógrækt á einn eða annan hátt.
  - Fyrirtæki hafa stuðlað að skógrækt með ýmsum hætti.
  - Landgræðslusjóður og Pokasjóður styrkja verkefni á sviði skógræktar.
- Kynbætur. Framboð á vel aðlöguðum og fljótvöxnum trjám gerir skógræktendum kleyft að ná góðum árangri. Vart finnst betri hvatning en góður árangur.
- Skattar. Hægt er að ná fram tilteknum markmiðum með skattlagningu eða með undanþágum frá skatti, t.d. að hvetja til skógræktar almennt eða hvetja til skógræktar í tilteknum tilgangi.
- Verslun með losunarheimildir á gróðurhúsalofttegundum á hugsanlega eftir að þróast á komandi árum og getur binding kolefnis með skógrækt verið leið til að skapa slíkar losunarheimildir. Myndun markaðar á þessu sviði getur orðið verulegur hvati til aukinnar skógræktar.

### **Þjónusta og eftirlit**

- Skógrækt er studd af þjónustu opinberra aðila og einkaaðila á ýmsum sviðum. Um er að ræða innviði samfélagsins sem skógrækt er háð ekki síður en önnur stafsemi. Má þar nefna vegagerð og aðrar samgöngur, fjarskiptaþjónustu, landupplýsingar og margt fleira. Aðrir nauðsynlegir innviðir tengjast skógrækt sérstaklega svo sem gróðrarstöðvar, verktakaþjónusta o.fl. Meðal mikilvægustu hlutverka hins opinbera í skógrækt er að tryggja þessa nauðsynlegu innviði, ýmist með því að þeir séu til staðar á vegum opinberra stofnana eða með því að skapa umhverfi svo einkaaðilar geti séð um þá.
- Framboð á leiðbeiningum, upplýsingum, fræðslu og almennri markaðssetningu af hálfu opinberra þjónustuaðila er nauðsynlegur stuðningur við skógrækt á vegum einkaaðila.
- Bein aðkoma hins opinbera að skógræktarverkefnum er nauðsynleg þar sem aðrar leiðir eru ekki líklegar til að ná settum markmiðum, eru of kostnaðarsamar eða þar sem hraða þarf framkvæmdum. Slík aðkoma getur verið á því formi að leggja fram land, vinnuafli eða fjármagn. Aðkoman getur verið allt frá tiltölulega litlum stuðningi við verkefni á vegum annarra (t.d. að veita skógræktaraðila ráðgjöf) til þess að hið opinbera sjái alfarið um þau (t.d. framkvæmd á íslenskri skógarúttekt).
- Hið opinbera kemur með beinum hætti að landnýtingu með rekstri á þjóðskógunum, en þeir eru allt frá smáreitum til stærstu og mestu skóga landsins. Skógrækt ríkisins hefur umsjón með þjóðskógunum og eru þeir reknir með það að leiðarljósi að:
  - stuðla að framþróun á sviði skógræktar og skógarnytja,

- vernda skóga, þ.m.t. skógarvistkerfi, líffjölbreytni, erfðalindir, sögulega þætti og landslagsþætti,
- veita almennungi aðgang að skógum til útivistar,
- vera vettvangur rannsókna,
- veita fræðslu um skóga og skógrækt og
- taka þátt í aukningu skóglendis á Íslandi.
- Í rekstri þjóðskóganna verði lögð aukin áhersla á:
  - nánara samstarf við ferðaþjónustunna,
  - upplýsingaveitu um aðstöðu til útivistar í skógum,
  - upplýsingaveitu um vernd og endurheimt skóglendis,
  - vinnu með einkaaðilum að þróun á úrvinnslu skógarafurða.
- Opinbert eftirlit með áætlunum og framkvæmdum í skógrækt á að stunda með það að markmiði að auka árangur skógræktar og forðast óæskilega útkomu, bæði fyrir skógræktina sjálfa og fyrir aðra þætti í umhverfinu, án þess að vera íþyngjandi um of. Til að ná þessum markmiðum þarf eftirlit að vera vel skilgreint og afmarkað. Eðlilegt er að Skógrækt ríkisins gegni því hlutverki að safna upplýsingum og hafa faglegt eftirlit með áætlunum og framkvæmdum í skógrækt.

### Lög og reglugerðir

Markmið sem sett eru í landsáætlun í skógrækt geta í sumum tilvikum kallað á lagabreytingar eða reglugerðarsetningu. Verður nauðsyn þess metin í hvert skipti. Staðan núna er þessi:

- Um skógrækt á Íslandi gilda skógræktarlög nr. 3/1955 (með seinni tíma breytingum) og er Skógrækt ríkisins ætlað að framfylgja þeim. Markmið laganna; að vernda skóga sem fyrir eru, að rækta nýja skóga þar sem henta þykir og að leiðbeina um skóga og skógrækt, eru enn í fullu gildi. **Hins vegar endurspeglar löggin ekki núverandi skógræktarstarf og því er nauðsynlegt að endurskoða þau.**
- Stærsti hluti nýræktunar skóga fer fram með opinberum stuðningi á grundvelli laga um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006. Landshlutaverkefnin eru: Héraðs- og Austurlandsskógar, Suðurlandsskógar, Skjólsskógar á Vestfjörðum, Norðurlandsskógar og Vesturlandsskógar. Þar er það markmið sett að rækta skóg á 5% láglandis og stuðla að atvinnuþróun í dreifbýli með skógrækt á lögbýlum. **Löggin eru nýleg og gagnast sem grundvöllur fjárveitingar til skógræktar á lögbýlum.**
- Skógrækt á stærra svæði en 200 ha eða á verndarsvæðum er háð meðferð skv. 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Er skógrækt á slíkum svæðum tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, sem síðan úrskurðar hvort viðkomandi framkvæmd sé háð fullu mati á umhverfisáhrifum. Um leið er skógrækt á slíkum svæðum háð framkvæmdaleyfi skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. **Mikilvægt er að tekið sé tillit til hagsmuna skógræktar þegar þessi ákvæði koma til endurskoðunar.**
- Skógrækt á einstaka svæðum getur einnig fallið undir ákvæði fleiri laga og reglugerða, einkum náttúruverndarlaga nr. 44/1999, þjóðminjalaga nr. 107/2001 og reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. **Mikilvægt er að tekið sé tillit til hagsmuna skógræktar þegar lög þessi og reglugerðir koma til endurskoðunar.**

## 3. viðauki: Innleiðing

Stefna Íslands í skógrækt skapar umgjörð um framþróun skógræktar í landinu til langs tíma. Hún á að samræmast landnýtingu í víðara samhengi og stuðla að almennum markmiðum stjórnvalda um velferð og sjálfbæra þróun samfélagsins.

Tiltölulega lítill hluti af skóglendi Íslands er í eigu eða umsjá ríkisins, en meirihluti í eigu og umsjá einstaklinga, félagasamtaka eða sveitarfélaga. Þessir aðilar munu allir eiga þátt í að framfylgja stefnunni en áherslur þeirra geta verið mismunandi.

Framkvæmd þessarar stefnu er háð opinberum framlögum, þótt stefnt sé að fjárhagslegri sjálfbærni í framtíðinni. Samfélagið nýtur ávinningsins á löngum tíma og því þarf hið opinbera að bera ábyrgð á að stefna þessi nái fram að ganga.

## **Helstu atriði til hliðsjónar við innleiðingu á skógstefnu**

### **Sjálfbær skógrækt**

- Skógrækt á Íslandi verði hagfræðilega, félagslega og umhverfislega sjálfbær.
- Til verði fjárhagslega sjálfbær og þjóðhagslega arðbær skógarauðlind.
- Skógrækt verði snar þáttur í sjálfbærri byggðaðróun.
- Skógar séu vottunarhæfir skv. viðurkenndum vottunarkerfum.

### **Langtíma áætlanir**

- Skógrækt þarf að skipuleggja í áratugum og öldum. Góð áætlanagerð er nauðsynleg til að lýsa og ná fram markmiðum með sem mestri hagkvæmni.
- Landsáætlun í skógrækt verði grundvallaráætlun um skógrækt á Íslandi.
- Skógræktarverkefni starfi eftir staðfestum langtímaáætlunum.
- Nýtingaráætlanir gildi um sem flesta skóga.

### **Markmiðasetning**

- Höfuðviðfangsefni í íslenskri skógrækt er að auka flatarmál skóga.
- Friðun lands fyrir beit og breytingar á fyrirkomulagi búfjárbeitar eru þær leiðir sem mögulega geta stuðlað að hvað mestri aukningu á útbreiðslu skóga. Samhæfing landnýtingar er brýnt markmið tengt þessari stefnu.
- Nýræktun skóga með gróðursetningu er önnur helsta leiðin til að ná markmiðum um aukið flatarmál skóglendis auk þess að ná þeim markmiðum sem einkum nást með innfluttum trjategundum. Með tímanum tekur við grisjun og önnur umhirða sem er misjöfn eftir staðbundnum markmiðum skógræktar. Meðal meginmarkmiða þessarar stefnu er að bæta árangur í nýræktun skóga og að meðferð skóga nýtist til að ná settum markmiðum á hverjum stað.
- Skógrækt má stunda með ýmsum markmiðum og leiðum. Val á tegundum og aðferðum fer eftir settum markmiðum.
- Grisjun er helsta aðgerðin í umhirðu skóga. Hún er mikilvæg fyrir árangur skógræktar í viðarframleiðslu og til að gera skógana aðlaðandi fyrir fólk.

### **Þátttaka**

- Stuðningur áhugafólks, skógræktenda, eigenda og notenda skóga er bráðnauðsynlegur fyrir velgengni skógræktar á Íslandi.
- Sérþekkingu er miðlað með útgáfu, á ráðstefnum og opnum fræðslufundum, en hvað ekki síst „maður-á-mann“.
- Samstarf út á við, svo sem við orku-, samgöngu-, heilbrigðis-, mennta-, landbúnaðar- og ferðapjónustugeirana, er mikilvægt til að framfylgja markmiðum skógræktar.
- Samstarf við skipulagsyfirvöld ríkis og sveitarfélaga er nauðsynlegt til þess að skógrækt sé hluti af og styrki þá sameiginlegu sýn sem birtist í skipulagsáætlunum.

- Hvatt er til fleiri samstarfsverkefna á milli aðila sem koma að skógrækt á einn eða annan hátt.

### **Breytileg forgangsmáttíðni á landshluta- og staðarvísu**

- Þörf er á að fólk taki virkan þátt í skógrækt og ákvarðanatöku um landnýtingu á sínu svæði. Er það gert með þátttöku í skógræktarfélögum, félögum skógarbænda og öðrum félögum sem fást við landnýtingu. Slík félagasamtök fylgjast með og gera tillögur varðandi gerð skipulagsáætlana í sínum sveitarfélögum.
- Skógræktarfélög og félög skógareigenda komi sínum skoðunum og áherslum á framfæri við sín samtök, þ.e. Skógræktarfélag Íslands og Landsamtök skógareigenda og við viðkomandi landshlutaverkefni í skógrækt og Skógrækt ríkisins.
- Skógrækt ríkisins mun vinna með skipulagssviðum sveitarfélaga við að efla þátt skógræktar í staðaráherslum.

### **Fagleg vinnubrögð**

- Mikilvægt er að skógfræðingar og aðrir sem veita ráðgjöf á sviði skógræktar séu vel að sér í faginu og haldi þekkingu sinni við með símenntun og þátttöku í ráðstefnum og fylgist með nýjustu rannsóknaniðurstöðum.
- Ekki er síður mikilvægt að skógareigendur, verktakar og aðrir framkvæmdaaðilar hafi þá þekkingu sem nauðsynleg er til að góður árangur náist. Því er símenntun þeirra einnig nauðsynleg.
- Skógrækt ríkisins hafi eftirlit með því að skógræktaráætlanir, önnur ráðgjöf og þjónusta skógfræðinga sé samkvæmt ströngustu kröfum um fagleg vinnubrögð.

## **Ábyrgð**

### **Forsendur þess að þessi stefna nái fram að ganga**

- Lagaumhverfi og stjórnsýsla sem stuðlar að því að markmiðum sé náð.
- Öflugar rannsóknir til stuðnings allra þátta stefnunnar.
- Skilvirk miðlun upplýsinga til stjórnvalda, skógræktenda og almennings
- Vettvangur starfsins, þ.e.a.s. gamalgrónir skógar, nýrri skógræktarsvæði og lönd ætluð til skógræktar í framtíðinni í eigu opinberra aðila og einkaaðila.
- Sátt/velvild almennings og stuðningur stjórnvalda hverju sinni

### **Aðilar að stefnunni og hlutverk þeirra**

- Stjórnvöld (Ríkisstjórn og Alþingi)
  - Veita stefnunni brautargengi og í kjölfar hennar að samþykkja og fjármagna landsáætlun í skógrækt
- Skógrækt ríkisins (skógræktarstofnun landsins, heyrir undir umhverfisráðuneytið)
  - Hefur forystu um kynningu og innleiðingu skógstefnunnar
  - Leiðir vinnu við gerð landsáætlunar í skógrækt á grundvelli stefnunnar
  - Veitir upplýsingar um framgang landsáætlunar í skógrækt
  - Hefur umsjón með þjóðskógunum
  - Sér um rannsóknir
  - Hefur umsjón með verkefnum í landsáætlun
- Skógræktarfélag Íslands (frjáls félagasamtök áhugafólks um skógrækt)
  - Virkur þátttakandi í mótun landsáætlunar
  - Mikilvægur vettvangur fræðslu og kynningar
  - Hefur umsjón með verkefnum í landsáætlun

- Landshlutaverkefni í skógrækt (fimm verkefni sem veita framlög til skógræktar á lögbýlum, undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu)
  - Virkir þátttakendur í mótun landsáætlunar
  - Mikilvægur vettvangur fræðslu og kynningar
  - Hafa umsjón með verkefnum í landsáætlun á sviði skógræktar á lögbýlum
- Landsamtök skógareigenda
  - Virkir þátttakendur í mótun landsáætlunar
  - Mikilvægur vettvangur fræðslu og kynningar
- Skógfræðingafélag Íslands
  - Virkir þátttakendur í mótun landsáætlunar
- Sveitarfélög
  - Samhæfa skógrækt við aðra landnýtingu í skipulagsáætlunum
  - Taka þátt í verkefnum í landsáætlun, einkum tengd útivist almennings
- Skipulagsstofnun
  - Tekur þátt í að samhæfa landsáætlun í skógrækt við aðrar landsáætlanir
- Aðrar opinberar stofnanir (t.d. Landgræðsla ríkisins, Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun)
  - Þátttakendur í mótun landsáætlunar
  - Þátttakendur í rannsóknum
- Náttúruverndarsamtök
  - Þátttakendur í mótun landsáætlunar
- Háskólar
  - Þátttakendur í rannsóknum

## Endurskoðun

Skógrækt ríkisins hefur forgöngu um að meta þörfina á heildarendurskoðun skógstefnunnar, í samráði við ráðherra skógarmála og hagsmunaaðila, ekki síðar en árið 2020.

